



gildi. Heimilt er að verja allt að 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til upplýsinga- og kynningarstarfsemi í þágu byggingaverndarmála.

## 2. gr.

Tekjur Húsafriðunarsjóðs eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs.
2. Árlegt framlag sveitarfélaga.
3. Aðrar tekjur.

Framlög ríkissjóðs skal miða við, að þau nemi á ári hverju 20 kr. á hvern íbúa landsins. Framlög sveitarfélaga skal ákveða svo, að þau nemi 20 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags.

## 3. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins. Í henni eiga sæti þrír menn:

- a. Þjóðminjavörður, sem jafnframt er formaður,
- b. fulltrúi tilnefndur af Sambandi isl. sveitarfélaga,
- c. fulltrúi skipaður án tilnefningar.

Stjórnin hefur fyrrsvar sjóðsins út á við og inn á við, annast fjárreiður hans og ákveður styrki úr honum í samræmi við ákvæði 1. gr.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Eins og fram kemur í 1. gr. þessa frv., er hlutverk Húsafriðunarsjóðs hugsað svo, að sjóðurinn styrki friðun, viðhald og endurbætur húsa og annarra mannvirkja, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Einnig er svo fyrir mælt, að heimilt sé að veita fé úr sjóðnum að tilteknu marki (10% af ráðstöfunarfé) til upplýsinga- og kynningarstarfsemi í þágu byggingaverndarmála. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að árlegar tekjur sjóðsins yrðu eigi minni en 8 millj. kr. á ári. Ef frumvarp þetta nærði fram að ganga, væri stigið stórt spor fram á við í afar mikilvægu menningarmáli. Það mundi gerbreyta aðstöðu allri að því er varðar raunhæfar aðgerðir í húsafriðunarmálum. Til þess ber brýna nauðsyn.

Um land allt, næstum að segja í hverri sveit, er að finna byggingarsöguleg verðmæti, sem gætu orðið skjótri eyðingu að bráð, ef ekki er að gert í tæka tíð. Áhugamannastarf á þessu sviði og skyldurækni embættismanna, sem fjalla um þessi mál, megna ekki, eins og nú háttar, að koma í veg fyrir þessa hættu.

Ráðamenn ríkis og sveitarfélaga þurfa að gefa þessum málum meiri gaum, og mest mundi um það muna, ef fjárveitingar til húsafriðunar og annarra byggingaverndarmála ykjast. Flutningsmenn þessa frv. telja æskilegast, að ríki og sveitarfélög sameinist um sjóðsstofnun í þessu skyni og eigi fulltrúa í stjórn hans undir formennsku þjóðminjavarðar.

Skylt er að geta þess, að á undanförunum áratugum hefur á ýmsan hátt verið unnið mikilsvert starf á sviði húsafriðunar og byggingaverndar. Þar hefur notið áhuga og skilnings margra einstaklinga, embættismanna og menningarfélaga. Fjárveitingavaldið hefur veitt þessum málum nokkurt lið. Svo er einnig um ýmis bæjar- og sveitarfélög. Árangur þessa starfs er síður en svo ómerkur, þótt enn standi flest til bóta. Okkur er skylt að meta brautryðjendastarfið að verðleikum. Fremsti fræðimaður okkar í sögu íslenzkrar byggingalistar, Hörður Ágústsson, listmálari og skólastjóri Myndlista- og handíðaskóla Íslands, hefur látið svo um mælt, að Matthías heitininn Þórðarson þjóðminjavörður muni vera „fyrsti Íslendingurinn, sem gerir sér grein fyrir varðveizlugildi fornra húsa hér um slóðir, og fyrstur manna til þess að láta hendur standa fram úr ernum í þeim efnunum“. Hann beitti sér fyrir viðgerð Bessastaðakirkju 1921, Hóladómkirkju 1924, vann að því, að Víðimýrarkirkja var

byggð upp 1936, stuðlaði að friðun Keldnabæjar á Rangárvöllum 1937 og keypti fyrir Þjóðminjasafnið bænahúsið í Gröf á Höfðaströnd, sem síðar var gert upp sem nýtt væri. Eftirmaður hans í starfi þjóðminjavarðar, dr. Kristján Eldjárn, hélt myndarlega upp merki fyrirrennara síns í húsafriðunarmálum. Í hans tíð var unnið að friðun og endurbyggingu margra merkra húsa og mannvirkja, sem talin eru þjóðardýrgripir. Skal hér m. a. minnt á vöruskemmuna á Hofsósi, sem margir telja elzta uppistandandi hús á Íslandi, byggt 1735, Laufásbæ við Eyjafjörð, bænhús á Núpsstað, Saurbæjarkirkju í Eyjafirði, klukknaportið á Möðruvöllum í Eyjafirði, Viðeyjarkirkju, hús Bjarna riddara í Hafnarfirði, Kirkjuhvammaskirkju, Krýsuvík-urkirkju, Gömlubúð á Eskifirði o. fl. Núverandi þjóðminjavörður, Þór Magnússon, sem gegnt hefur embætti 4 síðustu ár, er mikill áhugamaður um byggingaverndarmál, og undir hans forsjá er unnið að friðun, varðveislu og endurbyggingu gamalla húsa víða um land. Þess má sérstaklega geta, að ýmsir söfnuðir hafa látið gera við kirkjur sínar undir umsjá þjóðminjavarðar, og hefur Alþingi þá lagt fram fé að nokkru. Má í því sambandi nefna Búrfellskirkju í Grímsnesi, Hvammskirkju í Norðurárdal, Kirkjuvogskirkju í Höfnum og Auðkúlukirkju.

Ýmsar húisleifar hafa verið friðaðar á undanförunum árum: Fjárborgir á Reykjaneskaga, verbúðir og sjóhús á Gufuskálum, Breiðuvík og Selatöngum. Þess er að geta, að nokkur hús í landinu hafa verið viðgerð og endurnýjuð svo, að þau eru í fullu notagildi og auka hugblæ umhverfis síns af þeim sökum. Má þar til nefna forsetasetrið á Bessastöðum, Höfða í Reykjavík, Landshöfðingjahús við Skálholtsstíg og „Húsið“ á Eyrarbakka.

Sigurhæðir á Akureyri, hús Matthíasar Jochumssonar, varðveitir Matthíasarfélagið þar í bæ, og Zontaklúbbur Akureyrar hefur staðið fyrir endurnýjun „Nonnahúss“ við Aðalstræti. Alþingi hefur um nokkurra ára skeið lagt fé til varðveislu þessum sögufrægu og fallegu húsum. Þess er að geta, að Minjasafnið á Akureyri beittist fyrir flutningi Svalbarðskirkju til Akureyrar. Hefur kirkjan verið sett niður á gamla kirkjugrunninum við Aðalstræti, og er unnið að viðgerð hennar.

Þórður Tómasson, safnvörður í Skógum undir Eyjafjöllum, hefur endurbyggt skemmu og baðstofu í Byggðasafninu í Skógum. — Fleiri dæmi um framtak í byggingaverndarmálum um byggðir landsins mætti vafalaust nefna.

Reykjavíkurborg hefur staðið myndarlega að byggingavernd, fyrst og fremst með stofnun Árbæjarsafns 1957. Þá er þess að geta, að Reykjavíkurborg stóð fyrir því, að sérfræðingar framkvæmdu húsakönnun á borgarlandinu með tilliti til varðveizlugildis húsa. Sams konar könnun hefur Akureyrarbær látið gera í sambandi við gerð aðalskipulags.

Í þjóðminjalögum frá 1969 er ítarlegur kafli um húsafriðun. Samkv. lögnum starfar sérstök húsafriðunarnefnd, sem ráðgefandi um byggingaverndarmál. Húsafriðunarnefnd hefur nú starfað u. þ. b. 3 ár og látið frá sér fara ýmsar tillögur um friðun húsa. Af tillögum hennar hafa tvær verið teknar til greina að svo komnu máli: Friðun vöruskemmu í Ólafsvík og „Norska húss“ í Stykkishólmi. Er unnið að viðgerð hins síðarnefnda. Aðrar tillögur nefndarinnar, sem flm. er kunnugt um varðandi friðun húsa, eru: Friðun Alþingishúss, dómkirkjunnar í Reykjavík, Menntaskólans (með Ípöku) í Reykjavík, Stjórnarráðshúss, Safnahúss í Reykjavík, Bernhöftstorfu í Reykjavík, „Hússins“ á Eyrarbakka og hegningarhúss við Skólavörðustíg.

Húsafriðun eða byggingavernd, sem einnig mætti svo nefna, er merkur þáttur í menningarmálum hvernar þjóðar. Byggingalistin er mikilvægur hluti þjóðlegs menningarstarfs, sem hverri menntaþjóð er skylt að rækja. Undan þeirri skyldu geta Íslendingar ekki vikízt fremur en aðrar menningarþjóðir. Víst er og, að saga íslenzkrar byggingalistar er heillandi viðfangsefni og óhjákvæmilegur þáttur almennrar þjóðarsögu. Híbýli og hvers kyns hús og mannvirki eru snar þáttur í mannlegu samfélagi, og varla getur það leynzt nokkrum manni, að hús og mannvirki eru óhjákvæmilegur hluti mannlegs umhverfis. Margir líta því á byggingavernd sem hluta af umhverfismálum — hluta af umhverfisverndinni.

#### **Byggingaverndarhreyfingin.**

Á undanförunum árum hefur smám saman verið að myndast evrópsk áhugamannahreyfing um verndun og viðhald fornra og sögufrægra mannvirkja. Þessi hreyfing hefur á síðustu mánuðum tekið á sig fastari mynd og fengið mótað skipulag, eftir að ráðherranefnd Evrópuráðs, að tillögu Ráðgjafarþings þess, ákvað, að efnt skuli til sameiginlegrar upplýsinga- og kynningarherferðar í byggingaverndarmálum í Evrópulöndum næstu 3 ár. Er ráðgert, að herferðin nái hámarki árið 1975 og nefnist það „byggingaverndarárið“, sbr. náttúruverndarárið 1970.

Ekki er áhorfsmál, að Íslendingum ber að taka fullan þátt í þessu samstarfi. Með tilliti til þess samstarfs og kostnaðar, sem af því kann að leiða, er það ákvæði í 1. gr. þessa frv., að heimilt sé að verja 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til upplýsinga- og kynningarstarfsemi í þágu byggingaverndarmála.